

Garðabær

Pósthólf 40
212 Garðabær

Reykjavík, 8. mars 2019
Tilvísun: 1810291 / 05.02

Efni: Ákvörðun um styrkveitingu úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða.


Ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra hefur staðfest tillögu stjórnar Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða um styrkveitingar úr sjóðnum vorið 2019. Hér með tilkynnist að umsókn yðar hefur verið samþykkt.

Um er að ræða styrk að fjárhæð **kr. 7.400.000,-** til **Búrfellsgjá - Úrbætur á gönguleið.** Styrkur veittur til áframhaldandi aðgerða. Um er að ræða úrbætur á stíg að og um Búrfellsgíg. Grjóthreinsað verður undan stígnum og grjótið felld að landinu. Að því loknu verður fyllt um 10-20 cm þykku lagi með 0-25 mm bögglabergi sem hefur sambærilega ásýnd og hraunið. Móta á stíginn með aðfluttri fyllingu og endurnýta allt efni og staðargróður. Setja á fallvarnir það sem það er nauðsynlegt, s.s. við sprungur.

Samningur um styrkveitinguna mun berast innan skamms.

Frekari upplýsingar veitir Guðrún Dóra Brynjólfsdóttir í gegnum netfangið guðrun@ferdamalastofa.is eða í síma 535-5502.

Virðingarfyllst,
F.h. Ferðamálastofu


Guðrún Dóra Brynjólfsdóttir